

Fundargerð 8. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2016, fimmtudaginn 7. janúar, kl. 16:30 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Guðlaug Kristjánsdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Birna Ólafsdóttir og Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir.

Að auki sat fundinn: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og samþykkt.

2. Bréf frá velferðarráðuneytinu dagsett 30. nóvember 2015.

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri mætti á fundinn og gerði grein fyrir bréfi ráðuneytisins sem dagsett er 30. nóvember 2015, sjá fylgiskjal. Fram kemur í svari ráðuneytisins að þann 4. nóv. 2015 hafi fulltrúar Hafnarfjarðarbæjar kynnt fyrir ráðuneytinu hugmyndir að byggingu 60 rýma hjúkrunarheimilis á Sólvangslóðinni og mögulegar breytingar á gamla húsnæði Sólvangs þannig að þar gætu rúmast 20 hjúkrunarrými. Stærð rýma miðist við ný stærðarviðmið ráðuneytisins frá júní 2014. Einnig hafi verið ræddar fjármögnunarleiðir þ.e.a.s. að hverfa frá leiguleiðinni sem samingurinn frá 2010 gerir ráð fyrir yfir í hefðbundna leið fjármögnunar með 15-30% hlutdeild sveitarfélaga á móti 70-85% hlutdeild ríkis og Framkvæmdasjóðs aldraðra. Svar ráðuneytisins við þessum hugmyndum eru skv. áður nefndu bréfi frá 30. nóvember eftirfarandi:

- Ekki er gerð athugasemd við að Hafnarfjarðarkaupstaður byggi nýtt 60 rýma hjúkrunarheimili á Sólvangsreitnum á grunni samningsins frá 2010.
- Ráðuneytið er tilbúið til viðræðna um endurskoðun samningsins.
- Breyting á fjármögnunarleið kemur ekki til greina að svo stöddu.
- Ráðuneytið fellst ekki að farið verði í endurbætur á Sólvangshúsinu í þá veru sem kynntar voru af fulltrúum bæjarins á fundinum þann 4. nóv. s.l.

Bæjarstjóri greindi frá því að svar ráðuneytisins væri ekki í samræmi við fyrri viðræður bæjarstjóra við ráðuneytið og kom þessi niðurstaða því á óvart. Mikilvægt er að halda áfram undirbúningi að byggingu nýs hjúkrunarheimilis en jafnframt verði unnið að því að fá samþykki fyrir fjölgun rýma úr 60 í 80. Umræður urðu um svar ráðuneytisins og kom fram að fundarmenn eru ósáttir við niðurstöðuna. Verkefnastjórnin felur sviðsstjóra fjölskylduþjónustu að gera uppkast að bréfi til velferðarráðuneytisins þar sem lögð er áhersla á mikilvægi þess að fjölga rýmum. Uppkastið verði lagt fyrir næsta fund verkefnastjórnarinnar.

Óska þarf eftir viðræðum við ráðuneytið varðandi endurskoðun samningsins frá 2010 og er þá um að ræða verðbótapátt samningsins og breytingu á stærðarviðmiðum. Bæjarstjóri mun óska eftir viðræðum sem allra fyrst.

3. Íbúafundur um öldrunarmál.

Verkefnastjórnin ákveður að halda íbúafund um málefni eldri borgara þann 4. febrúar n.k. kl. 18. Kannað verður hvort hægt verði að fá aðstöðu á Sólvangi fyrir fundinn. Fundurinn verður um þjónustu við eldri borgara í sveitarfélaginu og framtíðarsýn. Formið á fundinum verður í þá veru að fundarmenn ákveða sjálfir hver umfjöllunarefnið verða. Mikilvægt er að auglýsa

fundinn vel og kynna. Markhópurinn er allir sam áhuga hafa á málafloknum. Yfirskrift fundarins gæti verið „Hafið áhrif! Efri árin.“ Sviðsstjóra fjölskylduþjónustu falið að undirbúa fundinn.

4. Samþætting heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu.

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur óskað eftir viðræðum við heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar, sjá fylgiskjal. Verkefnastjórnin leggur áherslu á að fá að fylgjast með framgangi málsins.

Fundi slitið kl. 17:40.